



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2999  
komudagur 2.8.2011

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. ágúst 2011

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 957 – 568. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á gjafsóknarákvæði laga um meðferð einkamála. Með frumvarpinu á að færa ákvæðið til síns upprunalega forms og rýmka þau tilfelli þar sem gjafsókn getur átt við.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og vonar að með því verði aukið jafnræði einstakiinga þegar um er að ræða aðgang þeirra að dómstólum. Teljum við nauðsynlegt að bæta úr því ástandi sem nú er í þjóðfélaginu og yrði breytingin í fullu samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Í 1.mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar er hverjum manni tryggður réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Ákvæði 1.mgr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu tryggir einstaklingum sama rétt. Mannréttindadómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu m.a. í Golder gegn Bretlandi<sup>1</sup> að rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi eigi ekki aðeins við eftir að mál hefur verið höfðað fyrir dómstóli heldur feli í sér sjálfstæðan rétt til þess að bera mál undir dómstóla. Dómstóllinn hefur enn fremur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé nægilegt að lög lands kveði á um rétt til þess að bera mál undir dómstóla heldur felist í 1. mgr. 6. gr. að rétturinn verði jafnframt að vera virkur. Aðildarríki verða því að tryggja að menn eigi kost á því t.d. að flytja mál sín sjálfir og fái leiðbeiningar við höfðun og rekstur máls ásamt því að einstaklingurinn hafi fjármagn til þess raunverulega að leita réttar síns.<sup>2</sup>

Sams konar ákvæði sem tryggja öllum jafnan rétt til aðgangs að dómstólum til að fá úr réttindum sínum og skyldum skorið er að finna í 10. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 1. mgr. 14. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórn mála réttindi (SBSR). Í General comment nr. 32 frá Mannréttindaráði SP er fjallað um það hvað felst í 14. gr. SBSR þar segir í 11. mgr. að ekki mega leggja há gjöld eða mikinn kostnað á aðila í dómsmálum sem geti valdið því að

<sup>1</sup> Dómur MDE frá 21. febrúar 1975, Series A. 18, mgr. 28-36

<sup>2</sup> Sbr. Dómur MDE frá 9. október 1979, Series A. 32, mgr. 22-28.



MANNRETTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

einstaklingar ráði ekki við að leita réttar síns án þess að veita þeim þá lögfræðilegu aðstoð sem þeir þurfa á að halda.

Ljóst er að ofangreindu að ekki er nóg að setja ákvæði í lög um jafnan rétt allra til aðgangs að dómstólum heldur verður þessi réttur að vera raunverulegur og öllum mögulegt að nýta sér hann. Ákvæði einkamálalaganna um gjafsókn eru nú afar þröng og aðeins fáir einstaklingar með verulega takmarkaðar tekjur hafa átt möguleika á að fá gjafsókn, þó reyndar hafi að vissu marki verið bætt úr því. Hér á landi hefur ekki verið boðið upp á fría lögfræðiaðstoð heldur aðeins verið boðið upp á lögfræðilega ráðgjöf hjá ýmsum félagasamtökum og örfáar ef þá einhverjar lögfræðistofur taka að sér mál án greiðslu, „pro bono“. Því má segja að tekjulágir einstaklingar með tekjur fyrir ofan þau mörk, sem sett hafa verið í reglugerð um gjafsókn, hafi enn mjög takmarkaða möguleika á því að leita réttar síns í málum sem snúa að réttindum þeirra og skyldum. Úr þessu þarf að bæta.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri